

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 37/1917.

Jóhannes Pétursson
 gegn
 Gísla Jóhannssyni.

D ó m u r :

Stefndi, Gísli Jóhannsson á Bildudal, höfðaði mál þetta sem skuldamál gegn áfrýjanda, Jóhannesi Péturssyni á Ísafirði, og stefndi honum samkvæmt lögum nr. 59, 10. nóvbr. 1905 til að mæta fyrir gestarétti Barðastrandarsýslu á Bildudal, en áfrýjandi mætti eigi fyrir gestaréttinum, og var málið þar tekið undir dóm fyrsta fyrirtektardag, og síðan dæmt hinn 13. okt. f. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða umstefnda skuld, 400 kr., með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, 35 kr. í málskostnað og 10 kr. sekt til landssjóðs. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. apríl þ. á., og gert þá aðalkröfu, að málsmeðferðin í héraði verði ómerkt sökum ólöglegrar stefnubirtingar og málinu vísað frá gestaréttinum og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar mótmælir stefndi, Gísli Jóhannsson, þessari kröfu áfrýjanda og krefst málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Eins og um var getið mætti áfrýjandi ekki fyrir gestaréttinum, og var málið dæmt þar, án þess vörn kæmi fram af hans hálfu. Stefnan til gestaréttarins var birt fyrir honum sjálfum í »sölubúð hans«, eins og segir í vottorði stefnuvottanna, en þess er eigi

getið, að þar sé heimili áfrýjanda. — Nú segir í tilvitnuðum lögum 10. nóvbr. 1905, 2. gr., að stefnuna skuli birta á lögheimili skuldunauts, er farið er með mál eftir greindum lögum. Að þessa hafi verið gætt í þessu máli er eigi sannað með vottorði stefnuvottanna, og með því að áfrýjandi mætti eigi fyrir gestaréttinum, verður að taka kröfu hans til greina og dæma gestaréttardóminn og undanfarandi meðferð málsins ómerkta sakir ófullnægjandi stefnubirtingar og vísa málinu frá gestaréttinum, og verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn og undanfarandi málsmeðferð skal ómerkta vera og vísað málinu frá gestaréttinum. Stefndi, Gísli Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jóhannesi Péturssyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr., og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 70/1917.

Hreppsnefnd Hraunhrepps
 gegn
 Jóni presti Pálssyni.